

ÍSLE1ÍE05

Búið til: Mon, 26 May 2014 14:57:48 GMT

Titill

Íslenska 5 á starfsbraut

Skammstöfun

ÍSLE1ÍE05

Útgáfunúmer

17

Námsgrein

íslenska

Viðfangsefni

Íslenska 5 á starfsbraut

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að auka markvisst orðaforða nemenda og þjálfra lestrarfærni með því að lesa ýmiskonar rit, eyðublöð og gögn sem nemendur koma til með að nota í nánustu framtíð. Lögð verður áhersla á munnlega tjáningu þar sem nemendur taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína til umræðuefna og komast að niðurstöðu. Unnið verður áfram með ritun ýmiskonar texta og reynt að virkja ímyndunarafl nemenda með sögu- og ævintýragerð af ýmsu tagi.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- orðfæri sem notað er t.d. í atvinnuumsóknum, skattaskýrslu, leiðbeiningum ýmiskonar o.fl.
- mikilvægi lestrar
- mikilvægi þess að geta tjáð sig skýrt og gera grein fyrir skoðunum sínum
- ritun mismunandi texta

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meðferð máls með auknum orðaforða og málskilningi
- að lesa mismunandi texta sér til gagns
- að tjá skoðanir sínar og geta rökrætt
- ritun mismunandi texta við sitt hæfi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa sér til gagns ýmsa texta, leiðbeiningar og eyðublöð
- lesa sér til dægrastyttingar
- tjá skoðanir sínar og geta komist að niðurstöðu í rökræðum ...sem er metið með... frammistöðu í kennslustundum
- virkja ímyndunarafl sitt og getað rita einfalda texta og sögur ...sem er metið með... skriflegum verkefnum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**